

Nd.

202. Þingsályktun

um bann gegn innflutningi útlendinga í atvinnuskyni.

(Afgreidd frá Nd. 22. mars).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að gefa nú þegar út reglugerð samkv. heimild í lögum nr. 10, 18. maí 1920, nm eftirlit með útlendingum, þar sem girt sje fyrir, að útlendingar geti leitað sjer atvinnu hjer á landi meðan atvinnuvegirnir fullnægja ekki atvinnuþörf landsmanna.